



## Alþýðusamband Íslands

### Ályktun 40. þings ASÍ um kjaramál

40. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum með þróun kjara- og atvinnumála og þá óvissu sem framundan er.

Markmið gildandi kjarasamninga er að leggja grunn að auknum kaupmætti, stöðugleika, jöfnun lífskjara og fjölgun starfa. Þrátt fyrir að hækkun lægstu launataxta hafi lagt grunn að auknum kaupmætti þeirra er ljóst að almennar launahækkanir hafa ekki haldið í við verðbólgu. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga veldur því að nú stefnir í að forsendur kjarasamninganna bresti. Þar er ekki síst að sakast við fyrirtækin sem velta kostnaði sífellt út í verðlagið. Þá hækka ríki og sveitarfélög álögur sem hafa bein áhrif á verðlag. Fyrir launafólk eru afleiðingarnar hærra verð á nauðsynjum, vöru og þjónustu, hærrí vextir og auknar skuldir heimilanna í landinu.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld hafa ekki og hyggjast ekki standa við skuldbindingar sínar um hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga. Þá er ekki síður alvarlegt að sú endurreisn atvinnulífs og fjölgun starfa sem lofað var hefur engan veginn gengið eftir. Þar hefur úrræða- og aðgerðarleysi stjórnvalda ráðið miklu.

Þingið krefst þess að stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum. Staðan er grafalvarleg því bresti forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá getur komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

Þingið hvetur samninganefnd ASÍ og aðildarsamtökin til að eiga samstarf og samvinnu við endurskoðun kjarasamninganna í janúar 2013 því nú mun reyna á samstöðu launafólks um að ná markmiðum kjarasamninga um stöðugleika, fjölgun starfa, vaxandi kaupmátt, jöfnun kjara og að útrýma kynbundnum launamun.